

Nd.

1021. Nefndarálit

[320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Kvaddi hún til fundar eftirtalda aðila: Loft Þorsteinsson, frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Jakob Björnsson, orkumálastjóra, Guðjón Guðmundsson, settan rafmagnsveitustjóra ríkisins, Eirík Briem og Jóhann Mátí Mariusson frá Landsvirkjun, Tryggva Sigurbjarnarson, formann ráðgjafanefndar iðnaðarráðuneytisins, Sigurjón Rist, vatnamælingamann, og Eyþór Einarsson, formann Náttúruverndarráðs.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Helstu atriði þeirra eru:

Breytt er áherslum í texta 1. greinar, þannig að fyrst eru taldar þær virkjanir, sem ríkisstjórnin geti falið Landsvirkjun án sérstakra samninga, en hin atriðin talin síðar, sem semja þarf um.

Lagt er til í 1. gr., að auka megi afl Hrauneyjafossvirkjunar í allt að 280 MW eða um eina 70 MW vél (fjórðu vél) til viðbótar því, sem lagt var til í frumvarpinu.

Lagt er til í 1. gr., að bæta megi við fjórðu 50 MW vélinni í Sigölduvirkjun, þannig að sú virkjun verði alls 200 MW að stærð.

Lagt er til að 2. málsg. 2. greinar verði breytt í þá átt að einungis tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir eða virkjunaráfanga skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykkis. Enn fremur er bætt inn á eftir 2. málsg. tveim nýjum málsgreinum um að áður en slík ákvörðun er tekin skuli liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og fleiri aðilum um þjóðhagslega hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins, svo og um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og til sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Meiri hluta nefndarinnar þykir eðlilegt að telja fyrst þau atriði, sem hægt er að fela Landsvirkjun beint án undangenginna sérstakra samninga, en þau atriði síðar, sem semja þarf um.

Einnig þykir rétt að afla nú þegar heimildar fyrir því viðbótarafli í Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunum, sem æskilegt er talið að setja þar upp í framhaldi af stækkun Þórisvatnsmiðlunar, eins og fram kemur í fylgiskjali 2. greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen, bls. 72—73.

Breyting á 2. málsg. 2. gr. felur í sér að einungis verði gert ráð fyrir staðfestingu Alþingis á ákvörðunum stjórnvalda um nýjar vatnsaflsvirkjanir eða virkjunaráfanga, þannig að ekki fari á milli mála hvað við er átt.

Þannig geta stjórnvöld m. a. heimilað að ráðist verði í nauðsynlegar framkvæmdir í vatnaveitum á Þjórsársvæðinu og að aflaukning verði framkvæmd í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjunum.

Breyting þessi er gerð samkvæmt ábendingu forráðamanna Landsvirkjunar.

Inn í 2. gr. er á eftir 2. málsg. skotið tveim málsgreinum, sem fela í sér að áður en slíkar ákvarðanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir eru teknar skuli liggja fyrir greinargerðir um þjóðhagslega hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins, svo og greinargerð um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Varðandi væntanlega samninga við Landsvirkjun skv. 1. gr. leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að stefnt verði að því, að eignarhlutur ríkisins aukist eftir því sem virkjunum fjölgar og/eða gert verði ráð fyrir að fleiri sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga geti orðið eignaraðilar.

Heildsöluverð frá þessu raforkuöflunarfyrtæki verði þannig að smásöluverð til sambærilegra nota verði sem jafnast hvar sem er í landinu.

Alþingi, 21. maí 1981.

Skúli Alexandersson,
form., frsm.

Páll Pétursson.

Guðm. G. Þórarinnsson.

Pálmi Jónsson.